

Ed.

50. Frumvarp til laga

[47. mál]

um breyting á lögum nr. 57 20. maí 1978 um heilbrigðisþjónustu.

Flm.: Helgi F. Seljan, Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

14. gr. 7. 2. Norðfjarðarumdæmi. 2) undirliður í lögunum orðist svo:
Eskifjörður H 2, starfssvæði Eskifjarðarkaupstaður, Helgustaðahreppur, Reyðarfjarðahreppur og suðurbyggð Reyðarfjarðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þetta litla frumvarp lýtur að því, að í stað H 1 stöðvar á Eskifirði verði þar H 2 stöð, þ. e. með tveim læknum í stað eins sem þar er nú. Er þá með því reiknað að annar læknirinn sitji á Reyðarfirði.

Við setningu laga um heilsugæslu 1973 var mjög um það deilt, hvar mörk skyldi setja varðandi skiptingu heilsugæslustöðva í H 1 og H 2 stöðvar. Segja má, að meginlínan hafi verið sett við 2000 íbúa markið, en þó urðu þar á frávík við meðferð frumvarpsins í þinginu, þannig að svæði með íbúafjölda undir 2000 komust inn á H 2 — tveggja lækna stöðvar. Á Austurlandi var svo ástatt þá, að eitt heilsugæslusvæði þar var mjög nálægt þessum mörkum, þ. e. Eskifjarðarhérað, sem nær yfir Eskifjörð, Reyðarfjörð, Helgustaðahrepp og Fáskrúðsfjarðahrepp, þann hluta sem er við suðurströnd Reyðarfjarðar.

Nú má segja að þetta svæði sé rétt í jaðrinum eða með milli 1900 og 2000 íbúa og á báðum þéttbýlisstöðunum fer fólki fjölgandi. Á svæðinu hefur allt frá því lagafrumvarp um heilsugæslu fyrst kom fram verið mikill áhugi á því, að læknar yrðu tveir, ekki síst á Reyðarfirði, þar sem íbúar eru á áttunda hundrað. Með hjúkrunarfræðingi í hálfu starfi hefur þó heilsugæsla þar færst í betra og öruggara horf, en þrátt fyrir litlar fjarlægðir er þó enn sem fyrr full þörf á tveggja lækna stöð á Eskifirði með búsetu annars læknisins á Reyðarfirði, svo sem nú er heimild fyrir í 14. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, undirlið 11.

Um þetta liggja fyrir mjög eindregnar óskir heimamanna á svæðinu öllu, m. a. í formi beinna samþykktu frá sveitarstjórnnum.

Á síðasta þingi voru heilsugæslulögin í heild til endurskoðunar í þinginu, þó tími væri að visu allt of skammur til vandlegrar athugunar ýmissa atriða svo sem þurft hefði. Þá var flutt í Ed. af 1. flm. þessa frv. og Halldóri Ásgrímssyni, þáv. 5. þm. Austfirðinga, breytingartillaga um að Eskifjarðarstöðin yrði H 2 í stað H 1. Breytingartillagan var felld með aðeins tveggja atkvæða mun. Mestu réð þar um, svo sem raunar var einnig 1973, afstaða heilbrigðisráðherra, sem vildi halda sig nákvæmlega við þau mörk íbúafjölda sem áður eru hér rakin. Einnig bar ráðherra við læknaskorti, sem óneitanlega er nú alvarlegt vandamál, en að hyggju okkar flm. bundinn nær eingöngu við H 1 stöðvar — eins læknis stöðvar, svo sem Djúpvogur er nú gleggst dæmi um.

Með nýju þingi og nýjum ráðherra þykir okkur því rétt að láta á reyna enn einu sinni um vilja Alþingis, hvort þar verður farið að eindregnum óskum heimamanna frá upphafi, og ekki síst af þeirri ástæðu, að nú er íbúatala svæðisins rétt við þau mörk, sem talin hafa verið eðlileg viðmiðun á skiptingu stöðvar í H 1 og H 2.

Fyrir Reyðfirðinga yrði hér alveg sérstaklega um mikla úrbót og aukid öryggi að ræða með búsetu annars tveggja lækna stöðvarinnar á Reyðarfirði, svo sem sjálfsagt væri ef lagabreytingin næði fram að ganga.

Nánar í framsögu.